

Reykjavík, 12. apríl 2016

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um spilahallir. Þingskjal 51-51. mál.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) leggst eindregið gegn því að ofangreint frumvarp verði að lögum. Meginástæðan er sú að í lagafrumvarpinu kemur fram að ætlunin er að heimila starfsemi spilahalla á Íslandi þar sem gert er ráð fyrir því að einkaaðilar fái heimild til þess að reka happdrætti í hagnaðarskyni. Hér er um grundvallarstefnu-breytingu að ræða á íslenskum happdrættismarkaði. Hingað til hefur samstaða verið um að rekstur happdrætta sé í höndum aðila sem afla fjár fyrir ýmis samfélagsleg verkefni í almannabágu. Þessi stefnubreyting er í andstöðu við lög nr. 38/2005 þar sem kveðið er á um að happdrætti megi einungis reka í þeim tilgangi að afla fjár til almannaheilla s.s. góðgerðamála, íþróttamála, alþjóðlegs mannúðarstarfs og fleira í þeim dúr.

Brýn samfélagsleg verkefni.

Vert er að taka fram að tekjum ÖBÍ, sem koma frá Íslenskri getsþá, er ráðstafað í fjölmörg brýn samfélagsleg verkefni í þágu öryrkja, fatlaðs fólks, langveikra og aðstandenda þeirra. Aðildarfélag ÖBÍ, sem eru 41 talsins, fá fjárstyrki frá bandalaginu á hverju ári sem nýtast til þess að veita margþætta, fjölbreytta og mikilvæga þjónustu sem snertir heilbrigðis- og félagsþjónustu auk lýðheilsu- og forvarnarverkefna. Aðildarfélagin eru fjölbreytt en þau eru meðal annars félag hreyfihamlaðs fólks, fólks með sjón- og heyrnarskerðingu, geðraskanir, einhverfu, þroskahömlun og ADHD. Þá eru einnig fjölmörg sjúklingafélög innan vébanda ÖBÍ sem starfa í þágu fólks með hjarta-, æða-, tauga- og vöðvasjúkdóma og sykursýki, svo dæmi séu tekin.

Tekjur bandalagsins nýtast einnig þeim fyrirtækjum sem ÖBÍ er aðili að eins og Brynju hússjóði sem kaupir og leigir út íbúðir víðs vegar um landið í félagslegum tilgangi, Hring sjá náms- og starfsendurhæfingu, Örtækni, TMF Tölvumiðstöð og Fjölmennt fullorðinsfræðslu fatlaðra. Hvorki ÖBÍ, ofangreind fyrirtæki né aðildarfélag þess eru rekin í hagnaðarskyni.

Tekjur 41 aðildarfélags ÖBÍ munu lækka.

ÖBÍ sem einn af eigendum Íslenskrar getsþár telur ástæðu til þess að hafa áhyggjur af því að verði frumvarpið að lögum munu tekjur bandalagsins lækka umtalsvert með aukinni samkeppni. Samdráttur kæmi niður á rekstri Öryrkjabandalagsins og 41 aðildarfélagi þess. Mikilvægt er fyrir stjórnvöld að hafa í huga að hlutdeild ÖBÍ af tekjum frá Íslenskri getsþá eru einu tekjur bandalagsins. Þá útdeilir ÖBÍ stórum hluta teknanna til sinna aðildarfélaga og til Brynju hússjóðs til kaupa og reksturs á félagslegu húsnæði. Því ætti að vera ljóst að fjármununum er vel varið í almannabágu.

Aukinn kostnaður fyrir ríkissjóð.

Mikilvægt er að standa vörð um rekstur Íslenskrar getspár og annarra aðila sem reka happdrættisstarfsemi á Íslandi til að afla fjár í brýn samfélagsleg verkefni í almannapágu. Með því að hleypa einkaaðilum inn á þann markað er verið að veikja stöðu þeirra sem vinna að verkefnum í almannapágu. Sú þróun mun hafa neikvæð áhrif á samfélagið í heild þegar til lengri tíma er litið og hafa í för með sér verulega aukinn kostnað fyrir ríkissjóð, ásamt því að draga úr þeirri framþróun, sérfræðikunnáttu og -þjónustu sem frjáls félagasamtök í velferðargeiranum búa yfir og veita í mörgum tilfellum almenningi að kostnaðarlausu.

Ekkert um okkur án okkar!

Virðingarfyllst,



Ellen Calmon,
formaður ÖBÍ